

Fréttabréf

Kjararannsóknarnefndar

Kjararannsóknarnefnd
Skrifstofur: Skólavörðustíg 12
Símar: 21775 og 21776

Fréttabréf

12

Kjararannsóknarnefnd er þannig skipuð
í marz 1969.

Björgvin Sigurðsson
Björn Jónsson (formaður)
Helgi Bergs
Hjalti Kristgeirsson
Sigurvin Einarsson
Þorvarður Alfonsson

Efnisyfirlit:	Bls.
I Tímakaup og vinnutími í Reykjavík á 2. ársfj. 1968.	5
Birtar eru niðurstöður úr launaskýrslum þess ársfjórðungs og kaupmáttur tímakaups er reiknaður út.	
II Tölur um tímakaup og vinnutíma.	
Tafla 1 Tímakaup verkamanna.	17
Tafla 2 Vinnutími verkamanna.	18
Tafla 3 Tímakaup iðnaðarmanna.	19
Tafla 4 Vinnutími iðnaðarmanna.	19
Tafla 5 Tímakaup verkakvenna.	20
Tafla 6 Vinnutími verkakvenna.	20
Tafla 7 Tímakaup flugáhafna.	20
III Atvinnuleysi ársins 1968 og jan.-febr.1969.	21
Hér er fjallað um það, hversu mikið atvinnuleysi var á þessum tíma, mælt í töpuðum vinnudögum og hlutfallstölum miðað við stærð þess hóps, sem nýtur atvinnuleysistrygginga.	
IV Útflutningur árána 1961 - 1968.	28
Hér er sýnt heildarverðmæti og einingar- verðmæti hvers árs á föstu meðalgengi.	

Tímakaup og vinnutími í Reykjavík
á 2. ársfjórðungi 1968.

Upplýsingar um tímakaup og vinnutíma, sem hér eru birtar fyrir 2. ársfj. 1968, er að finna í töflum 1 - 7 hér á eftir. Sömuleiðis upplýsingar um skiptingu vinnutímans í dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu. Samsvarandi upplýsingar um 2. ársfj. 1967 voru birtar í Fréttabréfi nr. 8. (ath. breytt meðferð á helgid.álagi, sem tók gildi á 1. ársfj. 1968).

Hér verður fjallað um hverja áðurnefnda starfsstétt sérstaklega, en engin tilraun gerð til þess að bera þær saman. Upplýsingar þær, sem liggja til grundvallar áðurnefndum skýrslum, ná yfir 1405 þúsund vinnustundir.

Nokkrar breytingar voru gerðar á úrvinnslu tímakaupsskýrslna á 1. ársfj. 1968. Árið 1966 og 1967 var helgidagaálag reiknað þannig út, að öllum greiðslum vegna óunninna helgidaga var dreift á unna dagvinnutíma og því látnar koma sem álag á dagvinnukaupið. Þessu hefur verið breytt þannig, að helgidagagreiðslum er nú dreift á heildarfjölda unninna klst., og kemur það því nú sem álag á meðal-tímakaupið, og má fjarlægjast þaðan með beinum frádrætti.

I kafli - Tímakaup verkamanna.

Prisvar sinnum hefur komið til almennrar kauphækkunar vegna hækkunar á kaupgjaldsvísitölu síðan á 2. ársfj. 1967, en í lok þess ársfjórðungs var greidd 15,25 % vísitöluuppbót á grunnkaup.

Þann 1. des. 1967 hækkaði kaupgjaldsvísitalan í 19,16 %, 18. marz 1968 var grunnkaup að viðbættum 19,16 % álagi gert að nýju grunnkaupi og greitt ofan á það 3 % verðlagsuppbót samkvæmt sérstökum aðferðum, sem þá var samið um og hækkaði upp í 4,38 % þann 1. júní 1968. Gera má ráð fyrir, að þessar vísitöluhækkningar valdi um 6,9 % hækkun á meðalkauptöxtum síðan á 2. ársfj. 1967. Raunveruleg aukning dagvinnutímakaupsins varð hins vegar aðeins 4,9 %.

Meðalhækkun tímakaups verkamanna frá 2. ársfj. 1967.

Tafla 1,1	Tímak. í dagv.		Aukn. %	Meðaltímakaup		Aukn. %
	1967	1968		1967	1968	
Alm. verkamenn	59,43	61,60	+ 3,7	72,16	77,88	+ 7,9
Aðstoð v/fagvinnu	67,47	70,20	+ 4,1	80,53	86,69	+ 7,6
Vélstjórn	65,11	70,43	+ 8,2	82,84	93,94	+13,4
Samanvegið	62,46	65,53	+ 4,9	76,50	83,66	+ 9,4

Samanvegið meðaltímakaup verkamanna er nú kr. 83,66, en var kr. 76,50 á 2. ársfj. 1967, og hefur því hækkað um 9,4 % síðan þá. Þar af hefur helgidagaálagið vaxið um kr. 2,05 og hækkar því meðaltímakaupið um 2,7 %. Meðaltímakaupið án helgidagaálags hefur því hækkað um 6,7 %, sem er 1,8 % meiri aukning en á dagvinnukaupinu, sem stafar af aukinni yfirvinnu. Yfirborgarir og ýmsar aukagreiðslur hafa minnkað talsvert á þessu tímabili hjá almennum verkamönnum og aðstoðarmönnum við fagvinnu, en aukizt hjá stjórnendum véla, en aukin yfirvinna hefur gert meira en að vega upp á móti þessari lækkun þannig, að meðaltímakaupið hækkar lítið eitt meira en taxtahækkningar gefa til-efni til. Rétt er að vekja athygli á, að vegna margra helgidaga á 2. ársfj. 1968 mátti búast við aukinni næturvinnu.

Þáttgreining hækkunar
meðaltímakaups frá 1. ársfj. 1967.

Tafla 1,2	Alm. verkam.	Aðstm. v/fagv.	Stjórn véla	Veglið meðalt.
1. Kaupgjaldsvísit.	6,9	6,9	6,9	6,9
2. Launaskrið	- 3,2	- 2,8	1,3	- 2,0
3. Yfirvinna	1,9	- 0,1	2,9	1,8
4. Helgidagar	2,3	3,6	2,3	2,7
Meðaltímakaup	7,9	7,6	13,4	9,4

Tafla 1,2 sýnir, að hinir bundnu þættir meðaltímakaupsins, þ. e. kaupgjaldsvísitala og greiddir helgidagar, hafa hækkað meðaltímakaupið um 9,2 - 10,5 %. Hinir frjálsu þættir, þ. e. launaskrið og yfirvinnuálagið, eru aftur á móti breytilegri. Hjá almennum verkamönnum hafa þeir lækkað meðaltímakaupið um 1,3 %, hjá aðstoðarmönnum við fagvinnu hafa þeir lækkað það um 2,9 %, en þeir hafa hækkað meðaltímakaup stjórnenda véla um 4,2 %, þannig að í heild eru áhrif hinna frjálsu þátta lítil á meðaltímakaup verkamanna. Þó má gera ráð fyrir auknum áhrifum þeirra á næsta ársfjórðungi, þar sem hann er helgidaga snauður, og því ástæða til að ætla, að aukningin nú á yfirvinnunni falli þá til baka.

Meðaltímakaupið, að meðtöldu helgidagaálagi, hefur hækkað um 9,4 %, skv. töflu 1,1, en það er sú aukning, sem orðið hefur á vinnuafiskostnaðinum milli þessara ársfjórðunga.

Ef litið er á breytingu tímakaups hjá einstökum starfshópum, kemur í ljós, að dagvinnutímakaup alm. verkamanna hefur yfirleitt hækkað um 7 - 8 % nema með fáum undantekningum, en þær eru svo þungar, að meðalhækkunin fellur niður í 3,7 %. Mest munar um tíma-kaup í byggingarvinnu, sem lækkar um 10,9 % frá 2. ársfj. 1967. Ástæða þess er vafalaust sú, að yfirborgunum var mikið hætt í þeirri grein eftir marz verkfallið 1968. Þó er ekki um að ræða samdrátt í byggingarvinnu hjá þeim fyrirtækjum, sem athugunin nær til. T. d. eykst næturvinnuálagið á þessu tímabili úr kr. 3,88 í kr. 7,84, og heildarvinnustundafjöldinn úr 34. þús klst. í 37 þús. klst. Í verksmiðjuvinnu lækkar tímakaupið einnig, eða um 2 %, en sú lækkan varð um áramótin 1967 og 1968.

Dagvinnukaup í fiskvinnu hækkar aðeins um 4,4 %, en þar fækkar heildarfrjöldi unninna klst. úr 31. þús. í 26 þús., enda þótt yfirvinnuálag aukist nokkuð. Tímakaup í dagvinnu við afgreiðslustörf hækkar um 10,7%, sem stafar af því, að nokkrum lögst launuðu mönnum var sagt upp. Aðrir alm. verkamenn fylgja vísitöluhækkun nokkuð vel.

Aðstoðarmenn við dagvinnu virðast hafa færst til meiri launajöfnunar. Yfirborgarir hafa minnkað, þar sem þær hafa verið mestar, en það er í bifvélavirkjun, og dagvinnukaupið í málmsmíði hækkar einnig nokkuð minna en kaupgjaldsvísitala. Aðstoðarmenn á trésmíða- verkstæðum fá aftur á móti fulla vísitöluhækkun, en þeir eru með lögsta dagvinnukaupið af þessum þrem hópum.

Ársfjórðungsleg þróun tímakaups
verkamanna frá 1. ársfj. 1966.

Tafla 1,3	Tímak.			Ársfj.leg hækkun %		
	í dagv.	án.hd.	m.hd.	1.	2.	3.
	1	2	3	4	5	6
1. ársfj. 1966	55,00	62,90	63,33	-	-	-
2. " "	57,94	69,46	73,85	5,3	10,4	16,6
3. " "	59,50	70,08	70,08	2,7	0,9	- 5,1
4. " "	62,82	72,84	73,53	5,6	3,9	4,9
1. ársfj. 1967	61,58	69,94	72,12	- 2,0	- 4,0	- 1,9
2. " "	62,46	73,22	76,50	1,4	4,7	6,1
3. " "	62,71	72,96	72,96	0,4	- 0,4	- 4,6
4. " "	62,84	72,17	73,69	0,2	- 0,2	1,0
1. ársfj. 1968	63,80	72,15	72,82	1,5	0,0	- 1,2
2. " "	65,53	78,16	83,66	2,7	8,3	14,9

Dagvinnutaxtinn hefur hækkað um rúm 3 % frá 1. ársfj. 1968, þannig að raunveruleg hækkun dagvinnutímakaups er nætti taxtabreytingu. Einstakir hópar verkamanna hafa yfirleitt hreyfst í samræmi við það. Alm. verkamenn hækka t. d. um 3 % að meðaltali, þ. e. dagvinnukaup, og er um nokkuð jafna hækkun að ræða nema hjá verkamönnum í byggingarvinnu, sem lækka um 4,6 %. Verkamenn í slippvinnu og við málmsmíðar hækka einnig nokkuð minna en meðaltalið, eða um 2 %.

Kaupmáttur launa.

Tölflur 1,4 og 1,5 sýna breytingu kaupmáttar tímakaups verkamanna, samkvæmt skýrslum Kjararannsóknarnefndar um greitt tímakaup frá árinu 1963 og Vinnutímanefndar árin 1961 og 1962.

Tafla 1,4, sem er miðuð við framfærsluvísitölu, sýnir, að vísitala kaupmáttar tímakaups í dagvinnu hefur verið nánast óbreytt frá fyrri ársfjórðungi, en þó heldur hækkað. Orsök smávægilegs mismunar á hreyfingu kaupmáttar, þegar tímakaupið er vísitölubundið, er sú, að vísitöluhækkun kaupgjaldsins miðast við hreyfingu verðlagsvísitölu næsta ársfjórðung á undan.

Vísitala kaupmáttar meðaltímakaups hefur hækkað talsvert frá fyrri ársfjórðungi, enda er eftirvinna alltaf mun meiri á 2. ársfj. en öðrum tímum árs. Ef lítið er framhjá árstíðasveiflum, kemur í ljós, að kaupmáttur tímakaupsins er minni nú en hann var á árunum 1966 og 1967. Sennilega verður kaupmáttur tímakaupsins svipaður árið 1968, eins og hann var seinni hluta árs 1965, en fellur á 1. ársfj. 1969 niður í það, sem hann var í árslok 1964. Hvernig þróunin verður þrjá síðustu ársfjórðungana árið 1969, fer eftir því, hvernig væntanlegir kjarasamningar verða gerðir. Ef ekkert verður gert, má búast við, að kaupmáttur tímakaupsins falli niður fyrir það, sem hann var árið 1964. Þ. e. verði mun minni er hann varð eftir kjarasamningana í júní 1964, en nokkru meiri en hann var fyrir sömu kjarasamninga.

Ef miðað er við neyzluvísitölu, verður niðurstaðan heldur óhagstæðari nú miðað við fyrri ár, en mismunur er þó ekki mikill. Árið 1968 kemur svipað út, en munurinn eykst væntanlega á árinu 1969. Þá má búast við, að kaupmátturinn fari niður í það, sem hann var árið 1963 eða lítið eitt neðar, ef engar breytingar verða á kaupstöxtum.

Munurinn á neyzluvísitölu og framfærsluvísitölu er aðallega sá, að í neyzluvísitölunni er ekki tekið tillit til breytinga á húsnæðis-kostnaði og fjölskyldubótum, auk þess sem beinir skattar eru inn í framfærsluvísitölunni til ársins 1967, en ekki frá ársbyrjun 1968.

Kaupmáttur tímakaups verkamanna
miðað við framfærsluvísitölu
kauplagsnefndar.

Tafla 1,4		Greitt	Greitt	Vísit.	Vísitala kaupm.	
		tímak. í dagv.	meðal- tímak.	framf. kostn.	tímak. í dagv.	meðal- tímak.
		1	2	3	4	5
		kr.	kr.			
1961		24,70	28,10	79,8	95,2	90,9
1962		27,90	32,50	88,5	96,9	94,8
1963		32,50	38,75	100,0	100,0	100,0
1964		41,25	48,60	119,2	106,5	105,2
1965		49,00	57,87	127,9	117,9	116,7
1966	1. ársfj.	55,00	62,90	135,9	124,5	119,4
	2. "	57,94	69,46	141,6	125,9	126,6
	3. "	59,50	70,08	144,7	126,5	125,0
	4. "	62,82	72,84	144,8	133,5	129,8
1967	1. ársfj.	61,58	69,94	144,6	131,1	124,8
	2. "	62,46	73,65	144,7	132,8	131,3
	3. "	62,71	72,96	144,8	133,3	130,0
	4. "	62,84	72,17	153,3	126,2	121,5
1968	1. ársfj.	63,80	72,15	161,2	121,8	115,5
	2. "	65,53	78,16	163,6	123,2	123,3

Ath: Vísitala framfærslukostnaðar er reiknuð út sem árs meðaltal eða ársfjórðungs meðaltal mánaða, miðað við stöðuna í miðjum mánuði.

Kaupmáttur tímakaups verkamanna
miðað við neyzluvísitölu Hagstofu
Íslands.

Tafla 1,5	Vísit.	Vísit.	Neyzlu-	Vísitala kaupm.		
	tímak. í dagv.	meðal- tímak.	vísit.	tímak. í dagv.	meðal- tímak.	
	1	2	3	4	5	
1961	76,0	72,5	79,5	95,6	91,2	
1962	85,8	83,9	93,7	91,6	89,5	
1963	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	
1964	126,9	125,4	119,6	106,1	104,8	
1965	150,8	149,3	128,5	117,4	116,2	
1966	1. ársfj.	169,2	162,3	138,6	122,1	117,1
	2. "	178,3	179,3	143,6	124,1	124,8
	3. "	183,1	180,9	148,4	123,4	121,9
	4. "	193,3	188,0	149,2	129,5	126,0
1967	1. ársfj.	189,5	180,5	148,7	127,4	121,4
	2. "	192,2	190,0	148,3	129,6	128,1
	3. "	193,0	188,3	147,8	130,6	127,4
	4. "	193,4	186,2	154,3	125,3	120,7
1968	1. ársfj.	196,3	186,2	165,8	118,4	112,3
	2. "	201,6	201,7	169,6	118,9	118,9

Kjararannsóknarnefnd hefur samþykkt að birta báðar þessar vísitöluráðir og að reikna kaupmáttinn út á tvo vegu í samræmi við þær. Það er því nauðsynlegt, að lesendur geri sér vel grein fyrir mismun þessara tveggja aðferða, sem vitanlega geta ekki sagt sömu sögu, jafnvel þótt báðar vísitölurnar væru gerðar af fyllstu hugsanlegri nákvæmni, vegna þess að kaupmáttur peninganna breytist mjög mismunandi eftir því hvaða vörutegund á að miða.

Vinnutími verkamanna.

Tafla 2,1	Dagv.	Eftirv.	Næturv.
	%	%	%
<u>2. ársfj. 1968</u>			
Alm. verkam.	73,3	12,7	14,0
Aðstoð v/fagv.	80,6	10,5	8,9
Stjórn véla	<u>68,0</u>	<u>9,6</u>	<u>22,4</u>
Samt. 2. '68	73,4	11,5	15,1
" 2. '67	74,0	13,4	12,6
" 2. '66	70,4	13,3	16,3

Eins og tafla 2,1 sýnir, hefur eftirvinna minnkað og er lítið meiri en hún var á 1. ársfj. 1968, en næturvinna hefur hins vegar aukizt verulega. Þetta bendir til þess, að mikil yfirvinna á 2. ársfj. 1968 stafi eingöngu af því, að á þeim ársfjórðungi voru óvenju margir helgidagar, og mikið af verkefnum hefur legið fyrir, vegna verkfallsins í marz. Lækkun eftirvinnuhlutfallsins gefur til kynna, að yfirvinnan sé ekki eins reglubundin nú og verið hefur, heldur byggist hún meira á stórum tórnum.

II KAFLI - Iðnaðarmenn.

2,1 Iðnaðarmenn samtals

Hér á eftir verður greint stuttlega frá því, hvernig kaup nokkurra hópa iðnaðarmanna hefur þróast á 2. ársfjórðungi 1968.

Tímakaup í dagvinnu er talsvert hærra á 2. ársfjórðungi 1968 en var á 2. ársfjórðungi 1967, eða um 3,6 %, en á þessu tímabili hefur kaupgreiðsluvísitalan hækkað dagvinnutaxta verkamanna um 6,9 %. Frá 1. ársfjórðungi 1968 til 2. ársfjórðungs 1968 hefur dagvinnukaupið hækkað um 0,8 %. Meðaltímakaup án helgidagaálags hefur hækkað um 2,9 % frá 2. ársfjórðungi 1967. Yfirvinna hefur dregið nokkuð saman síðan á 2. ársfjórðungi 1967. Ástandið er þó mjög misjafnt hjá hinum ýmsu hópum, en byggingariðnaðurinn sker sig þó úr með það, hvað kaup hefur dregið mikið saman þar, og er nú svo komið, að trésmiðir eru með tímakaup, sem er langt fyrir neðan meðaltal iðnaðarmanna.

Þróun tímakaups
iðnaðarmanna frá 2. ársfj. 1967.

Tafla 2,1	Tímakaup í dagv.			Meðaltímak. án.helgid.		
	2.ársfj. 1967	2.ársfj. 1968	Aukn.	2.ársfj. 1967	2.ársfj. 1968	Aukn.
	kr.	kr.	%	kr.	kr.	%
Skipasm.og viðg.	77,74	82,06	5,6	87,22	91,54	5,0
Málmsmiðar	75,04	78,95	5,3	88,39	90,96	2,9
Trésmiðar	84,17	79,63	- 5,7	94,78	91,84	- 3,2
Húsgagnagerð	87,92	84,71	- 3,8	93,57	89,44	- 4,6
Flugvirkjun	89,84	107,99	20,2	109,49	124,78	10,6
Bifreiðasm.og viðg.	79,88	84,74	6,1	91,79	99,85	8,8
Rafvirkjun	83,08	87,10	4,8	94,83	98,84	4,2
Böskunarvinna	72,30	80,17	10,9	81,81	89,35	9,2
Prentun og bókað.	80,92	88,03	8,9	93,65	98,80	5,5
Meðaltal	81,40	84,31	3,6	93,31	95,99	2,9

2,2 Skipasmíðar og viðgerðir

Hjá iðnaðarmönnum við skipasmíðar og viðgerðir er vinnutíminn á 2 ársfj. 1968 svipaður því, sem hann var á 2. ársfj. 1967, en þó er um smávegis minnkun á yfirvinnu að ræða, eða um 2 % af heildarvinnutímanum. Tímakaup í dagvinnu hefur hækkað á þessu tímabili um 5,6 %, eða úr kr. 77,74 í kr. 82,06. Meðaltímakaup án helgidagaálags hækkaði úr kr. 87,22 í kr. 91,54, eða um 5,0 %. Mismunurinn á hlutfallslegri hækkingu dagvinnukaupsins og meðaltímakaups án helgidagaálags stafar af breytingu á yfirvinnu.

2,3 Málmsmíðar

Yfirvinna í málmsmíðum er töluvert minni á 2. ársfj. 1968 en 2. ársfj. 1967. Á 2. ársfj. 1967 er yfirvinna 26,8 % alls vinnutímans, en á 2. ársfj. 1968 er hún 21,5 %.

Tímakaup í dagvinnu hefur hækkað um 5,3 % frá 2. ársfj. 1967, eða úr kr. 75,04 í kr. 78,95. Meðaltímakaup án helgidagaálags hefur hækkað síðan á 2. ársfj. 1967 úr kr. 88,39 í kr. 90,96, eða um 2,9 %, sem er 2,4 % minni hækking en sú, sem dagvinnukaupið fékk, en þessu veldur minnkun yfirvinnu.

2,4 Trésmíðar

Ef miðað er við 2. ársfj. 1967, þá hefur dagvinnukaup trésmíða lækkað um 5,7 %, eða úr kr. 84,17 í kr. 79,63.

Meðaltímakaup án helgidagaálags hefur lækkað síðan á 2. ársfj. 1967 úr kr. 94,78 í kr. 91,84, en það er 3,2 % lækkun.

2,5 Húsgagnagerð

Í húsgagnagerð hefur tímakaup í dagvinnu lækkað um 3,8 % síðan á 2. ársfj. 1967, eða úr kr. 87,92 í kr. 84,71, og hefur dagvinnukaup húsgagnasmíða farið sílökkandi frá 3. ársfj. 1966. Frá 1. ársfj. 1968 hefur tímakaup í dagvinnu samt staðið í stað.

Meðaltímakaup án helgidagaálags hefir einnig stöðugt farið minnkandi frá því á 3. ársfj. 1966, en stendur þó í stað frá 1. ársfj. 1968. Síðan á 2. ársfj. 1967 hefur meðaltímakaup án helgidagaálags lækkað um 4,6 %, eða úr kr. 93,57 í kr. 89,44.

Yfirvinna er svipuð því, sem hún var á 2. ársfj. 1967, um 10 % af heildarvinnutímanum og meginhluti hennar eftirvinna.

2,6 Flugvirkjun

Þar sem flugvirkjar vinna bæði eftir venjulegu dagvinnutíma-kaupi og á vöktum, er tímakaup í dagvinnu og vaktakaupið vegið saman og nefnt meðalgrundvallarkaup. Frá 2. ársfj. 1967 hefur meðalgrundvallarkaupið hækkað um 20,2 %, en þess ber að gæta, að á þessu tímabili hefur orðið skipulagsbreyting á kjarasamningum flugvirkja, en sú breyting hefur valdið einhverri hækkun á grundvallartímakaupinu.

Meðaltímakaup flugvirkja hækkaði um 14,0 % frá því á 2. ársfj. 1967.

2,7 Bifreiðasmiði og viðgerðir

Frá 2. ársfj. 1967 hækkaði tímakaup í dagvinnu úr kr. 79,88 í kr. 84,74, en það er um 6,1 % kauphækkun. Mikil kauphækkun varð á 3. ársfj. 1967, en á 4. ársfj. lækkaði það aftur.

Meðaltímakaup án helgidagaálags hækkaði úr kr. 91,79 í kr. 99,85, eða um 8,8 %. Þetta þýðir að sjálfsögðu, að yfirvinna hefur aukizt á þessu tímabili.

Á 2. ársfj. 1967 var yfirvinna í bifvélavirkjun um 23,0 %, en á 2. ársfj. 1968 var hún 25,3 % af heildarvinnutímanum. Þessi vöxtur í þessari grein stafar einkum af umferðarbreytingunni og kemur mjög ójafnt niður á einstaka aðila. Rétt er að hafa í huga, að þeir tveir stærstu hópar iðnaðarmanna, sem vinna við smíði og viðgerðir bifreiða, eru bifreiðasmiðir og bifvélavirkjar, en það eru næstum eingöngu bifreiðasmiðir, sem vinna við nýsmíði, og það er aðallega hún, sem nýtur góðs af umferðarbreytingunni.

2,8 Rafvirkjun

Í rafvirkjun hefur dagvinnukaupið hækkað um 4,8 % síðan á 2. ársfj. 1967, eða úr kr. 83,08 í kr. 87,10.

Meðaltímakaup án helgidagaálags hefur hækkað um 4,2 % frá 2. ársfj. 1967, úr kr. 94,83 í kr. 98,84, og hefur því yfirvinna dregizt nokkuð saman. Á 2. ársfj. 1967 var yfirvinna 23,5 %, en er 21,4 % á 2. ársfj. 1968.

2,9 Bökunarvinna

Síðan á 2. ársfjórðungi 1967 hefur dagvinnukaup bakara hækkað um 10,9 %, þ. e. úr kr. 72,30 í kr. 80,17. Meðaltímakaup án helgidagaálags hefur hækkað um 9,2 % frá 2. ársfj. 1967, en um 3,0 % frá 1. ársfj. 1968. Yfirvinnuálag bakara virðist breytast lítið, en það er um 15 % af heildarvinnutímanum.

2,10 Prentun og bókagerð

Í prentun og bókagerð hefur tímakaup í dagvinnu hækkað um 10,8 % síðan á 2. ársfj. 1967.

Meðaltímakaup án helgidagaálags sýnir 5,5 % hækkun frá 2. ársfj. 1967, en á þessu tímabili hefur meðaltímakaupið sveiflast geysimikið, eða allt frá því að vera kr. 92,94 á 3. ársfj. 1967 og upp í kr. 106,66 á 4. ársfj. 1967 og er mismunur þar á um 14,8 %. Yfirvinna á 2. ársfj. 1967 er 16,6 % en á 2. ársfj. 1968 er hún 12,4 %.

Tafla 1

Tímakaupstafla - 2. ársfj. 1968.

Verkamenn Véltafla 245	Heildar- vinnust. Vog bús.	1	2	Tímak. Helgid.		Eftirv. Næturv.		Meðal- tímak. kr.
				í dagv. álag		álag		
				kr.	kr.	kr.	kr.	
<u>Alm. verkamannav.</u>								
Fiskvinna	26	15	54,51	4,10	4,13	8,04	70,79	
Hafnarvinna	204	20	58,53	3,56	5,53	5,65	73,29	
Pakkhúsvinna	31	3	64,01	6,38	3,69	5,01	79,10	
Lyftaravinna	35	2	58,71	2,38	5,19	5,96	72,25	
Byggingarvinna	37	10	64,93	3,64	6,46	7,84	82,87	
Afgreiðslustörf	20	7	77,07	8,11	2,09	7,86	95,14	
Bæjarvinna	163	15	57,97	3,63	4,86	6,87	73,34	
Verksmiðjuvinna	32	11	64,59	6,93	2,96	3,12	77,61	
Slippvinna	16	2	61,09	3,46	4,56	8,08	77,20	
Ýmis alm.vinna	85	15	64,75	5,75	4,06	10,46	85,04	
Vegið meðaltal	649	100	61,60	4,74	4,49	7,04	77,88	
<u>Aðstoð v. fagvinnu</u>								
Málmsmíði	28	35	69,51	7,33	3,60	3,93	84,38	
Trésmíði	20	30	66,66	7,21	3,72	1,92	79,52	
Bifreiðasmíði og viðg.	22	35	73,93	6,60	4,81	9,78	95,14	
Vegið meðaltal	70	100	70,20	7,04	4,06	5,37	86,69	
<u>Vélstjórn</u>								
Bílstjórar	143	80	70,95	6,23	3,88	12,67	93,74	
Ytu-og kranastj.	93	20	68,35	4,69	6,40	15,30	94,75	
Vegið meðaltal	236	100	70,43	5,92	4,38	13,20	93,94	
<u>Samantvegið:</u>								
Alm. vinna	649	55	61,60	4,74	4,49	7,04	77,88	
Aðstoð v. fagvinnu	70	20	70,20	7,04	4,06	5,37	86,69	
Vélstjórn	236	25	70,43	5,92	4,38	13,20	93,94	
	955	100	65,53	5,50	4,38	8,25	83,66	

Tafla 2 Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla - 2. ársfj. 1968.

<u>Verkamenn</u>	Heildar- vinnust.		<u>Skipting vinnutíma</u>			Heildar- kaup þús. kr.
			Dvt.	Evt.	Nvt.	
Véltafla 345	þús.	Vog	%	%	%	
<u>Alm. verkamannav.</u>	1	2	3	4	5	6
Fiskvinna	26	15	69,7	12,4	17,9	1837
Hafnarvinna	204	20	71,4	16,6	12,0	14987
Pakkhúsvinna	31	3	80,2	10,5	9,3	2458
Lyftarvinna	35	2	72,0	15,5	12,5	2560
Byggingarvinna	37	10	68,0	16,9	15,1	3095
Afgreiðslustörf	20	7	83,5	4,8	11,7	1933
Bæjarvinna	163	15	71,2	14,3	14,5	11923
Verksmiðjuvinna	32	11	85,6	8,7	5,7	2485
Slippvinna	16	2	71,4	12,6	16,0	1242
Ýmis alm. vinna	85	15	70,6	10,1	19,3	7264
Vegið meðaltal	649	100	73,3	12,7	14,0	49784
<u>Aðstoð v. fagvinnu</u>						
Málmsmíði	28	35	83,6	9,7	6,7	2399
Trésmíði	20	30	85,8	10,8	3,4	1590
Bifreiðasm. og viðg.	22	35	73,1	11,0	15,9	2137
Vegið meðaltal	70	100	80,6	10,5	8,9	6126
<u>Vélstjórn</u>						
Bílstjórar	143	80	70,3	8,6	21,1	13440
Ýtu- og kranastj.	93	20	58,7	13,5	27,8	8827
Vegið meðaltal	236	100	68,0	9,6	22,4	22267
<u>Samangeið</u>						
Alm. verkamannav.	649	55	73,3	12,7	14,0	49784
Aðstoð v. fagvinnu	70	20	80,6	10,5	8,9	6126
Vélstjórn	236	25	68,0	9,6	22,4	22267
	955	100	73,4	11,5	15,1	78177

Tafla 3

Tímakaupstafla - 2. ársfj. 1968.

Iðnaðarmenn	Heildar-	Tímak.	Helgid.	Eftirv.	Næsturv.	Meðal-
	vinnust.	í dagv.	álag	álag	álag	tímak.
Véltafla 265	bús.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
	1	2	3	4	5	6
Skipasm. og viðg.	7	82,06	8,54	4,55	4,91	100,08
Málmsmíðar	87	78,95	7,72	4,62	7,38	98,68
Trésmíðar	38	79,63	7,67	7,14	5,06	99,51
Húsgagnagerð	11	84,71	9,49	4,50	0,21	98,93
Flugvirkjun	15	108,71	9,73	2,59	24,25	145,29
Bifreiðasm. og viðg.	53	84,74	7,91	6,02	9,08	107,76
Rafvirkjun	37	87,10	8,63	6,77	4,97	107,47
Bökunarvinna	4	80,17	8,47	2,33	6,83	97,82
Prentun og bókað.	17	88,03	9,65	0,00	10,76	108,45
	269					

Tafla 4

Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla - 2. ársfj. 1968.

Iðnaðarmenn	Skipting vinnutíma				Heildar- kaup
	Heildar-	Dvt.	Evt.	Nvt.	
Véltafla 365	vinnust.	%	%	%	bús. kr.
	bús.				
Skipasm. og viðg.	7	82,6	10,3	7,1	736
Málmsmíðar	87	78,5	10,4	11,1	8614
Trésmíðar	38	78,0	14,3	7,7	3743
Húsgagnagerð	11	90,7	9,0	0,3	1094
Flugvirkjun	15	70,9	3,6	25,5	2234
Bifreiðasm. og viðg.	53	74,7	12,4	12,9	5745
Rafvirkjun	37	78,6	14,5	6,9	3953
Bökunarvinna	4	84,9	5,3	9,8	385
Prentun og bókað.	17	87,6	0,0	12,4	1843
	269				28347

Tafla 5

Tímakaupstafla - 2. ársfj. 1968.

Verkakonur

Véltafla 235

	Heildar-	Tímak.	Helgid.	Eftirv.	Næsturv.	Meðal-
	vinnust.	í dagv.	álag	álag	álag	tímak.
	pús.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
	1	2	3	4	5	6
Fiskvinna	35	51,91	4,13	3,43	3,37	62,86
Afgreiðslustörf	6	52,80	6,29	1,46	0,00	60,56
Verksmiðjuvinna	49	52,77	5,37	1,34	0,60	60,09
Bæjarvinna	6	49,02	0,00	1,18	0,81	51,02
Bökunarvinna	4	58,97	7,40	0,00	0,25	66,62
Fatasaumur	19	60,71	7,38	0,51	0,00	68,60
Prentun og bókgag.	6	53,01	6,59	0,00	0,46	60,07
Ýmis alm. vinna	8	69,41	7,71	0,15	7,13	84,42
		133				

Tafla 6

Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla - 2. ársfj. 1968.

Verkakonur

Véltafla 335

	Heildar-	Skipting vinnutíma			Heildar-
		Dvt.	Evt.	Nvt.	
	vinnust.	%	%	%	pús. kr.
	pús.				
	1	2	3	4	5
Fiskvinna	35	80,0	12,2	7,8	2175
Afgreiðslustörf	6	94,5	5,5	0,0	357
Verksmiðjuvinna	49	93,7	5,0	1,3	2942
Bæjarvinna	6	93,4	4,7	1,9	329
Bökunarvinna	4	99,5	0,0	0,5	253
Fatasaumur	19	98,3	1,7	0,0	1291
Prentun og bókgag.	6	99,1	0,0	0,9	360
Ýmis alm. vinna	8	88,2	0,4	11,4	717
	133				8424

Tafla 7

Meðaltímakaup - 2. ársfj. 1968.

Flugáhafnir

Véltöflur 275 og 375

	Heildar-	Meðal-	Heildar-
	vinnust.	tímak.	kaup
	pús.	kr.	pús. kr.
Flugstjórar stór vél	3	312,22	955
Flugstjórar meðal vél	8	202,96	1717
Flugáh. stór vél	5	182,48	985
Flugáh. meðal vél	11	127,30	1375
Flugfreyjur	21	76,32	1580
	48		

Atvinnuleysi ársins 1968 og
jan. - febr. 1969.

Þegar samanburður er gerður á atvinnuleysinu nú, eins og það mælist með þeim tækjum, sem til þess eru notuð, og atvinnuleysi fyrri ára, verður að hafa það í huga, að þær breytingar hafa átt sér stað, sem gera allan samanburð erfiðan, en það stafar af því, að það fólk, sem nú er atvinnulaust, leitar í miklu ríkari mæli til vinnumiðlunar skrifstofa og eftir bótum en áður þekktist. Hér er því ekki eingöngu um að ræða aukið atvinnuleysi, heldur eru þau mælitæki, sem áttu að mæla það, nú fyrst að verða virk, einkum á þeim stöðum, þar sem atvinna sveiflast mikið eftir árstímum.

Í Fréttabréfi 11 voru sýndar greiddar bætur atvinnuleysis-tryggingarsjóðs, allt frá stofnun hans. Þar voru tölur fyrir árið 1968 áætlaðar, en nú eru sýndar bráðabirgðatölur fyrir það ár og jan. - og febr. 1969 í töflu IV.

Tafla I sýnir heildar-atvinnuleysið á landinu tímabilið jan. - febr. 1969 eins og það mælist af ráðningan og vinnumiðlunar-skrifstofum, samkvæmt skýrslu félagsmálaráðuneytisins. Heildar-atvinnuleysið var þann 31. jan. '69 um 5,475 manns og 28. febr. 3,605 manns. Gera má ráð fyrir, að í janúarbyrjun hafi það verið um 2,200 manns, en þá eru aðeins til tölur um atvinnuleysi í kaupstöðum og kaup-túnnum með yfir 1.000 íbúa, sem reyndist vera 1,340 manns.

Meðalfjöldi atvinnulausra manna er því um 3,400 í janúar og 4,540 í febr., en það svarar til 197,360 atvinnuleysisdaga yfir báða mánuðina. Þar af hefur Atvinnuleysistryggingarsjóður bætt 140,949 daga eða 71 %.

Heildar-atvinnuleysi á öllu landinu
frá stofnun Atvinnuleysistryggingarsjóðs.

Tafla I	Unnir dagar	Atvinnuleysisdagar			Atvinnuleysi %	
		Bættir	Óbættir	Samt.	Bætt	Samt.
	1957	7.410.000	8.713		0,12	
	1958	7.872.000	12.596		0,16	
	1959	7.956.000	17.576		0,22	
	1960	8.358.000	13.299		0,16	
	1961	8.370.000	13.950		0,17	
	1962	8.796.000	9.085		0,10	
	1963	9.546.000	6.876		0,07	
	1964	9.982.000	10.293		0,10	
	1965	10.114.000	24.358		0,24	
	1966	10.022.000	25.578		0,25	
	1967 (× 10.177.000)		50.423		0,50	
	1968 (× 10.200.000)	167.113	×102.317	×269.500	1,6	× 2,6
jan.- febr.	1969 (× 1.580.000)	140.949	56.411	197.360	7,9	11,1

× Bráðabirgða-tölur

Hér er þó ekki um nákvæmlega sambærilegar tölur að ræða, þar sem talning er ekki fyrir hendi nema einu sinni í mánuði, og bótagreiðslur dragast alltaf nokkuð fram yfir mánaðarmót.

Árið 1968 greiddu atvinnuleysistryggingarnar 24 % af heildarupphæð bóta til Reykjavíkursvæðisins (þ.e. Reykjavík, Kópavogur og Hafnarfjörður). Ef sömu hlutföll eru að meðaltali á landinu öllu og í Reykjavík á milli fjölda bættara daga og heildaratvinnuleysis, þá má finna heildaratvinnuleysið árið 1968 með því að margfalda fjölda bættara daga á Reykjavíkursvæðinu með 4,14.

Tafla II sýnir, að heildaratvinnuleysið á Reykjavíkursvæðinu er 65.700 dagar árið 1968, og samkvæmt því og áðursögðu ætti heildarfjöldi atvinnuleysisdaga að vera um 269.500 á landinu öllu.

Tafla III sýnir atvinnuleysisskráninguna í jan. og febr. 1969 hjá Ráðningarstofu Reykjavíkur og samanburð við sama tímabil árið áður. Þar kemur í ljós, að fjöldi atvinnuleysisdaga hefur meira en tvöfaldast á þessu tímabili, en hafa verður í huga, að verkfall í febr. 1969 lætur þessar tölur fá nokkuð sitt hvora meiningu.

Atvinnuleysissskráning Ráðningarstofu
Reykjavíkurborgar árið 1968.

Tafla II	Atvinnulausir			Skráðir	Ráðnir	Teknir
	1. dag mánaðar			atv.l.	í	af
	Karlar	Konur	Samt.	í mán.	vinnu	skrá
	1	2	3	4	5	6
jan.	20	0	20	694	123	52
febr.	449	90	539	367	114	268
marz	443	81	524	212	119	402
apríl	178	37	215	290	220	209
maí	62	14	76	428	296	42
júní	156	10	166	1278	1057	74
júlí	173	140	313	259	213	138
ágúst	122	99	221	212	175	206
sept.	42	10	52	287	194	97
okt.	30	18	48	270	173	54
nóv.	67	24	91	497	135	109
des.	255	89	344	510	110	199
Meðaltal mán.	184	55	239	442	244	154
Samtals	-----			5.304	2.929	1.850

Fjöldi daga :

Reykjavík	55.200	16.500	71.700
Seltjarnarnes			900
Kópavogur			2.400
Reykjavík og nágr.			75.000
+ Bílstjórar			9.900
Atvinnuleysisdagar alls			65.100
í Reykjavík og nágrenni			<u>65.100</u>

Ath :

Bílstjórar, sem skráðir eru á árinu 1968, eru ekki atvinnulausir í þeim skilningi, að þeir eigi rétt á atvinnuleysisbótum.

Atvinnuleysisráning Ráðningarstofu
Reykjavíkurborgar árið 1969.

Tafla III	Atvinnulausir			Skráðir	Ráðnir	Teknir
	1.dag mánaðar			atv.l.	í	af
	Karlar	Konur	Samt.	í mán.	vinnu	skrá
	1	2	3	4	5	6
jan.	437	108	545	1193	77	300
febr.	1059	302	1361	691	98	873
marz	820	261	1081			

Meðaltal

jan.-febr. '69	844	243	1087	942	88	586
jan.-febr. '68	340	65	405	530	118	160

Fjöldi daga

jan.-febr. '69	42.200	12.150	54.350
jan.-febr. '68	17.000	3.250	20.250

Tafla IV sýnir atvinnuleysisbætur og fjölda bættra daga, sem er fundinn með því að margfalda bótaupphæð ársins 1968 með 5,95 og 1969 með 3,47. Tölur V og VI sýna svo sundurliðun á heildaratvinnuleysinu í jan. - febr. 1969, og reiknaðar eru hlutfallstölur atvinnuleysis, út frá heildar-meðlimafjölda innan A S Í. Hafa verður í huga, að þessar hlutfallstölur eru mjög ónákvæmar og aðeins ætlaðar til þess að gefa grófa mynd. Ónákvæm- in stafar af því, að meðlimatölurnar eru gamlar og sundurliðun sumra samtaka innan A S Í eftir landshlutum er ekki fyrir hendi.

Bætt atvinnuleysi árið 1968

og jan. febr. 1969.

Tafla IV	Árið 1968		jan. febr. 1969	
	Greiddar bætur (þús.kr.)	Bættir dagar	Greiddar bætur (þús.kr.)	Bættir dagar
	1	2	3	4
Reykjavík og nágr.	6.790	40.400	14.658	50.863
Keflavík	133	791	634	2.200
Hafnarfjörður	306	1.821	2.375	8.241
Gullbringusýsla	164	976	830	2.880
Kjósarsýsla				
Akranes	426	2.535	1.781	6.180
Borgarfjarðars.				
Mýrasýsla	38	226	235	815
Snæf.-og Hnappad.	1.252	7.449	2.749	9.539
Dalasýsla				
Austur-Barðastr.				
Vestur-Barðastr.	319	1.898	196	680
Ísafjörður			179	621
V-Ísafjarðars.	1.085	6.456	203	704
N-Ísafjarðars.	144	857		
Bolungarvík				
Strandasýsla	178	1.059	27	94
V-Húnavatnss.	165	982	118	409
A-Húnavatnss.	677	4.028	519	1.801
Sauðárkrókur	1.030	6.129	1.004	3.484
Skagafjarðars.	878	5.224	443	1.537
Síglufjörður	3.505	20.855	2.501	8.678
Ólafsfjörður	675	4.016	490	1.700
Akureyri	2.502	14.887	2.740	9.508
Eyjarfjarðars.	510	3.035	548	1.902
Húsavík	506	3.011	180	625
S-Þingeyjars.				
N-Þingeyjars.	2.018	12.007	804	2.790
Seyðisfjörður	520	3.094	927	3.217
N-Múlasýsla	1.883	11.204	503	1.745
Neskaupstaður	47	280	828	2.873
S-Múlasýsla	167	994	1.382	4.795
A-Skaftafellss.				
V-Skaftafellss.				
Rangárvallas.				
Árnessýsla	1.312	7.806	917	3.182
Vestmannaeyjar	856	5.093	2.849	9.886
Allt landið	28.086	167.113	40.620	140.949

Atvinnulausir á skrá 31. jan. 1969.

Tafla V	Karlar Samtals	Verkam. Sjómenn	Iðnaðar-menn	Aðrir Karlar	Konur Samtals	Verka-konur	Aðrar konur	Atvl. Alls	Félagatal innan ASI	Atvl. %
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Reykjavík, Kópav. Hafnarfj.	1266	899	252	115	422	309	113	1688	22651	7
Keflavík	80	75	2	3	77	77		157	829	19
Gullbringu-og Kjósars.	83	75	7	1	80	74	6	163	540	30
Akranes	141	139	2		84	82	2	225	392	57
Borgarfjarðars.									36	0
Mýrasýsla	28	28			2	2		30	219	14
Snæf.-og Hnappad.	265	234	13	18	77	77		342	653	52
Dalásýsla									147	0
Austur-Barðastr.										
Vestur-Barðastr.	63	63			17	17		80	355	20
Ísafjörður	18	16	1	1	1	1		19	563	3
V-Ísafjarðars.	5	3		2				5	289	2
N-Ísafjarðars.	5	5						5	114	4
Bolungarvík	13	13			2	2		15	160	9
Strandasýsla	8	8			4	4		12	253	5
V-Húnavatnss.	12	5		7				12	59	20
A-Húnavatnss.	58	51		7	18	18		76	298	26
Sauðárkrókur	90	80	5	5	71	71		161	337	48
Skagafjarðars.	37	27	6	4	22	22		59	135	44
Siglufjörður	185	161	9	15	163	158	5	348	560	62
Ólafsfjörður	105	105			44	44		149	250	60
Akureyri	308	240	7	61	145	142	3	453	2015	22
Eyjafjarðars.	79	74	3	2	23	23		102	254	40
Húsavík	131	119	8	4	33	33		164	320	51
S-Þingeyjars.									40	0
N-Þingeyjars.	119	113		6	48	48		167	306	55
Seyðisfjörður	73	65	5	3	23	14	9	96	130	74
N-Múlasýsla	(114)	(110)		(4)	(42)	(42)		156	257	61
Neskaupstaður	100	98	2		29	29		129	403	32
S-Múlasýsla	194	187	4	3	43	43		237	834	28
A-Skaftafellss.									99	0
V-Skaftafellss.	7	7						7	92	8
Rangárvallas.									74	0
Arnessýsla	97	86	3	8	48	48		145	789	18
Vestmannaeyjar	103	103			170	170		273	962	28
	3787	3189	329	269	1688	1550	138	5475	35415	15

Heimild: Félagsmálaráðuneytið

Ath: Félagatal A S Í er gamalt og ónákvæmt.

Atvinnulausir á skrá 28. febr. 1969.

Tafla VI	Karlar Samtals	Verkam. Sjómenn	Iðnaðar-menn	Aðrir Karlar	Konur Samtals	Verka-konur	Aðrar konur	Atvl. Alls	Félagatal innan ASI	Atvl. %
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Reykjavík, Kópav. Hafnarfj.	1057	674	231	152	414	291	123	1471	22651	6
Keflavík	14	10	2	2	27	27		41	829	5
Gullbringu-og Kjósars.	22	14	7	1	13	13		35	540	7
Akranes	2	2			3	3		5	392	1
Borgarfjarðars.									36	0
Mýrasýsla	30	24		6	2	2		32	219	15
Snæf.-og Hnappad.	69	58	6	5	34	34		103	653	16
Dalásýsla									147	0
Austur-Barðastr.										
Vestur-Barðastr.	3	3						3	355	1
Ísafjörður	13	10		3	1		1	14	563	2
V-Ísafjarðars.									289	0
N-Ísafjarðars.	13	13						13	114	11
Bolungarvík									160	0
Strandasýsla	10	10			1	1		11	253	4
V-Húnavatnss.	16	9		7				16	59	27
A-Húnavatnss.	83	76		7	31	31		114	298	38
Sauðárkrókur	84	73		11	75	75		159	337	47
Skagafjarðars.	27	18	4	5	23	23		50	135	37
Siglufjörður	115	84	15	16	65	60	5	180	560	32
Ólafsfjörður	18	16		2	2	2		20	250	8
Akureyri	290	219	12	59	178	168	10	468	2015	23
Eyjafjarðars.	68	60	2	6	24	24		92	254	36
Húsavík	63	56	2	5	26	26		89	320	28
S-Þingeyjars.									40	0
N-Þingeyjars.	127	118		9	64	63	1	191	306	62
Seyðisfjörður	56	48	5	3	22	11	11	78	130	60
N-Múlasýsla	83	78		5	40	40		123	257	48
Neskaupstaður	76	75		1	22	22		98	403	24
S-Múlasýsla	133	129		4	36	36		169	834	20
A-Skaftafellss.									99	0
V-Skaftafellss.	3	3						3	92	3
Rangárvallas.									74	0
Arnessýsla	21	5	2	14	6	6		27	789	3
Vestmannaeyjar									962	0
	2496	1885	288	323	1109	958	151	3605	35415	10

Heimild: Félagsmálaráðuneytið

Ath: Félagatal A S Í er gamalt og ónákvæmt

Útflutningurinn.

Á tímabilinu 1961 - 1968 hefur heildarútflutningsmagnið sveiflast geysimikið eins og sjá má töflunni um útflutningsmagnið hér á eftir. Árið 1961 eru flutt út 344,8 þús. tonn, en hámarki nær útflutningsmagnið árið 1966, þegar útflutningurinn er 539,8 þús. tonn. Árið 1967 eru flutt út 406,7 þús. tonn, en árið 1968 er útflutningurinn 316,0 þús. tonn. Þarna munar að sjálfsögðu mest um síldarafurðir, en af mjöli eru flutt út árið 1967 115,2 þús. tonn, en 35,7 þús. tonn árið 1968. Af síldarlýsi er svo flutt út árið 1967 76,0 þús. tonn, en 26,8 þús. tonn árið 1968. Útflutningur á frystum fiskflökum, óverkuðum saltfiski og saltsíld jókst nokkuð frá árinu 1967 til ársins 1968.

Heildarútflutningsverðmæti fyrir árin 1961 - 1968 er reiknað á föstu meðalgengi (gengi 1969).

Árið 1968 er heildarútflutningsverðmætið 7210,9 millj. kr., en árið 1967 er það 8335,8 millj. kr., og er það því 1124,9 millj. kr. minna árið 1968 en 1967 (13,4 % minnkun). Útflutningsverðmæti síldarmjöls er 377,2 millj. kr. árið 1968, en 1434,9 millj. kr. árið 1967. Útflutningsverðmæti síldarlýsis er 204,5 millj. kr. árið 1968, en 844,5 millj. kr. árið 1967. Útflutningsverðmæti einstakra afurða hefur aukizt eitthvað lítils háttar frá 1967 til 1968, en ekki svo neinu nemur, ef borið er saman við heildina.

Einingarverð flestra útflutningsafurða hefur lækkað frá árinu 1967 til ársins 1968. T. d. einingarverð síldarlýsis lækkað úr kr. 11,11 hvert kg. í kr. 7,62 hvert kg. eða um 31 %. Einingarverð á heilfrystum fiski lækkaði um 18 % og skreið um 16 %. Lítið hefur verið um verðlagshækkningar.

Útflutningsverðmætið í millj. kr. fob. (fast meðalgengi 1969^{*})

	1961	1962	1963	1964	1965	1966	1967	1968
1. Saltfiskur, þurrkaður	184,1	123,4	104,2	54,2	105,5	70,2	66,7	99,0
2. - " - , óverkaður	630,1	572,0	461,7	716,4	843,3	900,9	691,3	896,5
3. Skreidd	534,7	542,7	537,5	651,0	725,2	597,8	263,4	229,0
4. Heilfrystur fiskur	61,8	71,8	79,3	102,4	186,4	287,4	223,8	176,0
5. Fryst flök	1367,1	1705,9	1728,7	2115,1	2214,8	2043,9	1705,1	2006,0
6. Ísfiskur	394,5	330,1	389,0	414,8	365,4	289,6	261,6	315,7
7. Rækja og humar, fryst	85,1	85,8	186,8	212,0	250,4	346,1	247,3	255,0
8. Hrogn, fryst og söltuð	110,2	129,9	149,9	207,7	250,8	212,0	167,8	163,4
9. Fiskmeti, niðursoðið ofl.	44,9	44,5	31,5	38,8	62,8	87,8	73,4	92,5
10. Hvalkjöt, hvalmjöl	35,1	42,5	41,3	58,7	62,8	45,7	76,3	32,5
11. Saltsíld	658,8	904,7	1065,2	997,7	947,5	1122,4	729,4	867,1
12. Fryst síld, ísvarin	146,6	301,4	429,6	252,8	337,2	340,7	186,8	128,9
13. Fiskmjöl, karfamjöl	288,2	249,2	266,8	346,5	304,0	281,7	192,0	267,3
14. Síldar-og loðnumjöl	407,5	606,5	848,3	1147,6	1820,1	2154,1	1397,0	378,0
15. Síldarlýsi ofl.	262,4	466,3	581,3	805,6	1307,3	1701,7	822,2	204,9
16. Þorska- og karfalýsi	106,1	79,1	137,3	182,9	131,7	121,3	54,5	79,9
17. Hvallýsi	24,3	26,4	47,3	72,5	54,4	43,5	26,0	17,1
18. Aðrar sjávarafurðir	81,8	113,2	92,4	115,2	180,4	147,2	118,8	138,0
19. Landbúnaðarafurðir	385,3	470,5	465,9	546,7	365,0	449,8	621,7	734,8
20. Annað	123,5	132,9	155,9	175,6	217,8	411,1	190,6	144,5
	5932,1	6998,8	7799,9	9214,2	10732,8	11654,9	8115,7	7226,1
Verðmætisvísitala	100,0	118,0	131,5	155,3	180,9	196,5	136,8	121,8

Heimildir: Verzlunarskýrslur 1961 - 1967, Hagtíðindi 1968.

* Meðalhækkun erlends gjaldeyris nív. 1967 metin 25 % og nív. 1968 54,4 %.

Útflutningsmagnið í tonnum.

	1961	1962	1963	1964	1965	1966	1967	1968
1. Saltfiskur, þurrkaður	4646	3184	2420	1138	2684	1410	1210	2258
2. - " - , óverkaður	29108	24886	18989	23955	25859	24391	19032	26073
3. Skreið	10674	10653	9616	11580	12244	8745	3518	3546
4. Heilfrystur fiskur	2612	2885	3953	4814	7554	10222	9036	8398
5. Fryst flök	41987	50200	47903	54095	49125	40953	40720	48271
6. Ísfiskur	39544	31263	36161	34512	30008	21765	21232	24077
7. Rækja og humar, fryst	506	419	1138	1170	1002	1229	1054	990
8. Hrogn, fryst og söltuð	5037	5321	6109	8141	6857	6801	6288	4810
9. Fiskmeti, niðursoðið ofl.	373	428	346	381	682	1021	693	1205
10. Hvalkjöt, hvalmjöl	3112	3086	3256	4396	4023	2667	4665	2266
11. Saltsíld	34700	47290	52682	46222	39027	42217	28519	34707
12. Fryst síld, ísvarin	14456	31146	42116	22383	28026	27912	16261	12908
13. Fiskimjöl, karfamjöl	32427	20667	26837	29002	22790	20625	17219	25868
14. Síldar- og loðnumjöl	37583	48489	76582	96379	124371	151680	115205	35726
15. Síldarlýsi ofl.	25000	60478	55149	52403	82172	126411	76030	26829
16. Þorska- og karfalýsi	6902	5327	9403	10320	6398	6290	2918	6550
17. Hvallýsi	1540	1687	3444	4499	3066	2265	2548	1870
18. Aðrar sjávarafurðir	13993	10528	7654	9770	14812	11812	22175	25228
19. Landbúnaðarafurðir	6724	7844	7439	8210	4731	7282	10361	13044
20. Annað	33843	29980	17072	13756	6720	24090	7981	11410
	344767	395761	428269	437126	472151	539788	406665	316034

Heimildir : Verzlunarskýrslur 1961 - 1967, Hagtíðindi 1968.

Einingarverð útflutningsafurða kr. pr. kg. (fast meðalgengi 1969)

	1961	1962	1963	1964	1965	1966	1967	1968
1. Saltfiskur, þurrkaður	39,62	38,79	43,06	47,65	39,33	49,77	55,74	43,84
2. - " - , óverkaður	21,65	22,99	24,32	29,92	32,62	36,96	36,44	34,38
3. Skreið	50,10	50,97	55,93	56,24	59,25	68,40	74,92	64,58
4. Heilfrystur fiskur	23,62	24,92	20,07	21,29	24,68	28,14	24,80	20,96
5. Fryst flök	32,58	34,01	36,09	39,12	45,10	49,93	41,92	41,56
6. Ísfiskur	9,98	105,57	10,77	12,02	12,18	13,32	12,33	13,11
7. Rækja, humar fryst	168,05	204,68	164,20	181,19	249,99	281,78	234,84	257,58
8. Hrogn, fryst og söltuð	21,91	24,41	24,55	25,53	36,59	31,19	26,71	33,97
9. Fiskmeti, niðursoðið ofl.	120,68	104,28	92,64	101,96	92,29	86,02	106,25	76,76
10. Hvalkjöt, hvalmjöl	11,27	13,76	12,70	13,34	15,59	17,18	16,37	14,34
11. Saltsíld	18,99	19,15	20,23	21,60	24,28	26,60	25,61	24,98
12. Fryst síld, ísvarin	10,15	9,69	10,21	11,31	12,04	12,22	11,50	9,98
13. Fiskimjöl, karfamjöl	8,90	12,06	9,96	11,95	13,36	13,66	11,16	10,33
14. Síldar- og loðnumjöl	10,85	12,51	11,08	11,91	14,65	14,20	12,14	10,58
15. Síldarlýsi	10,50	7,72	10,56	15,38	15,92	13,47	10,83	7,64
16. Þorska- og karfalýsi	15,36	14,88	14,63	18,03	20,57	19,30	18,74	12,20
17. Hvallýsi	15,85	15,67	13,72	16,13	17,76	19,16	10,23	9,14
18. Aðrar sjávarafurðir	5,85	10,77	12,08	11,79	12,18	12,47	4,13	5,47
19. Landbúnaðarafurðir	57,32	60,02	62,65	66,62	77,18	61,76	51,76	56,33
20. Annað	3,65	4,44	9,15	12,76	32,40	17,08	34,16	12,66